

Umbótaáætlun



Forgangsröðun - Forysta og stjórnun

Umbótapáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Svið I - Stjórnun og fagleg forysta Deild Allir Ábyrgð Björnsson, Óskar	Fylgja því eftir að skólaráðið haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið.	Setja þennan fund inn í starfsáætlun skólaráðs að hausti.	15/09/2022	SK	Ekki byrjað	Skoðað hvort skólaráð heldur opinn fund fyrir skólasamfélagið.	Opinn fundur fyrir skólasamfélagið haldinn.
	Gæta þess að fulltrúar nemenda í skólaráði sitji í tvö ár samfellt.	Það form sem viðhaft er á vali fulltrúa nemenda í skólaráð er samþykkt af öllum hlutaðeigandi og ekki stendur til að breyta því.	15/09/2022	SK	Í vinnslu	Fulltrúar nemenda kosnir af samnemendum í upphafi hvers skólaárs í nemendafélag. Fulltrúar 7. og 10. bekkjar sitja í skólaráði ár hvert og eru nöfn þeirra birt á heimasíðu skólans.	Nemendur eru kjörnir til setu í skólaráði og nöfn þeirra birt.
	Gera grein fyrir því í námsáætlunum hvernig unnið er með stefnu og áherslur skólans	Í skólanámskrá er gerð grein fyrir stefnu og áherslum skólans. Tengja skal hverja námsáætlun við þá umfjöllun á vef. Kennarar/stjórnendur yfirfara einstaka námsáætlanir og gæta þess að þær endurspegli þetta.	28/06/2024	KE, SS	Ekki byrjað	Yfirfara námsáætlanir með tilliti til þess hvort stefnu skólans er getið í þeim.	Stefna skólans er sýnileg í öllum námsáætlunum.
	Huga að því að allt nýtt starfsfólk fái leiðsögn og stuðning við upphaf starfs.	Útbúinn verði gátlisti yfir það sem nýtt starfsfólk þarf að vita við upphaf starfs. Nýtt starfsfólk fái formlegt upphafsviðtal við næsta yfirmann og annað í kjölfarið t.d. viku síðar. Nýir starfsmenn fái leiðsagnaraðila.	01/11/2022	SS	Ekki byrjað	Skoðað hvort gátlisti hafi verið útbúinn og nýtt starfsfólk fái þau formlegu viðtöl sem skráð eru.	Allir nýtt starfsfólk fær leiðsögn og stuðning við upphaf starfs.
	Skrá og birta formlega símenntunaráætlun út frá stefnu skólans og þróunarverkefnum	Setja fram tímasetta áætlun yfir símenntun alls starfsfólks á hverju skólaári.	15/09/2022	SK	Ekki byrjað	Símenntunaráætlun yfirfarin í upphafi skólaárs og gengið úr skugga um að áætlunin nái til alls starfsfólks.	Í upphafi hvers skólaárs liggur fyrir símenntunaráætlun sem birt er á heimasíðu skólans.
	Skrá og birta þróunar- og umbótaáætlun skólans um þróunarverkefni.	Fagmennskuteymið birtir lista á heimasíðu skólans yfir þróunarverkefni skólans, stöðu þeirra og tilgreinir ábyrgðaraðila.	31/05/2023	FA	Ekki byrjað	Skoðað hvort listi yfir þróunarverkefni skólans, stöðu þeirra og ábyrgðaraðila er birtur á heimasíðu skólans.	Listi yfir þróunarverkefni skólans, stöðu þeirra og ábyrgðaraðila er sýnilegur á heimasíðu skólans.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Skrá þróunarverkefni og ábyrgðaraðila þeirra í skólanámskrá, starfsáætlun eða á heimasíðu skólans.	Þróunarverkefni og ábyrgðaraðilar verða birt í starfsáætlun skólans og á heimasíðu.	01/11/2022	SS	Í vinnslu	Skoðað hvort þróunarverkefni og ábyrgðaraðilar eru birt á í starfsáætlun skólans og á heimasíðu.	Þróunarverkefni og ábyrgðaraðilar eru birt í starfsáætlun skólans og á heimasíðu.
	Stjórnendur fylgja með námi og kennslu og veita endurgjöf.	Deildarstjórir fylgjast með nám og kennslu á sínum stigum með því að sitja kennslustundir. Þeir funda mánaðarlega með árgangateymum þar sem farið er yfir stöðu mála og endurgjöf veitt.	31/01/2023	DE	Í vinnslu	Deildarstjórir skrifa fundargerðir yfir formlega fundi með árgangateymum og skila þeim til skólastjóra.	Fundargerðir árgangateyma staðfesta endurgjöf frá skólastjórnendum um nám og kennslu.
	Uppfæra heimasíðu skólans reglulega.	Allir skólastjórnendur eru með stjórnunaraðgang að heimasíðu skólans. Deildarstjórar setja inn fréttir af sínu stigi og virkja kennara.	16/05/2022	DE, KE, SS	Í vinnslu	Heimasíða skoðuð reglulega til að sjá hvort hún hafi verið uppfærð.	Heimasíðan er virk, nýjar fréttir og upplýsingar birtast reglulega.
	Vinna enn frekar með stefnu skólans og sveitarfélagsins um heilbrigði og velferð og setja fram sýnilega heilsustefnu fyrir starfsfólk skólans	Heilsuefandi teymi er starfandi við skólann. Teymið uppfæri heilsustefnu skólans reglulega og hafi heilsustefnu sveitarfélagsins til hliðsjónar. Setja fram heilsustefnu fyrir starfsfólk skólans. Gera þarf aðgerðaáætlun.	30/05/2023	DE, KE	Ekki byrjað	Skoðað hvort heilsustefna skólans er uppfærð og birt á heimasíðu. Heilsustefna fyrir starfsfólk hengd upp í starfsmannaaðstöðu og birt á heimasíðu.	Stefna skólans og sveitarfélagsins um heilbrigði og velferð og heilsustefna fyrir starfsfólk skólans er sýnileg á heimasíðu skólans og aðgengileg í starfsmannaaðstöðu.
	Virkja fulltrúa í stjórn nemendafélagsins og leita markvisst eftir sjónarmiðum þeirra um skólastarfið.	Deildarstjóri fundar einu sinni í mánuði með stjórn nemendafélags. Samkvæmt starfsáætlun er einn fundur á ári um hugmyndir að skólaþróun.	30/05/2023	SS	Í vinnslu	Athugað hvort skráð hafi verið í fundargerðir nemendafélagsins að leitað hafi verið markvisst eftir sjónarmiðum nemenda um skólastarfið.	Nemendur hafa tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri.
	Virkja nemendur og foreldra enn frekar til samráðs um stefnu skólans og starfshætti og leita markvisst eftir sýn og hugmyndum þeirra um skólastarfið.	Fundir hjá stjórn nemendafélagsins eru einu sinni í mánuði. Skólaráðsfundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Árlegur vinnufundur um skólastarfið haldinn með fulltrúum úr stjórn nemendafélags, tengiliðum árganga, fulltrúum úr skólaráði umsjónarkennurum og öllum skólastjórnendum þar sem leitað er markvisst eftir sýn þeirra og hugmyndum.	30/05/2023	SS	Ekki byrjað	Athugað hvort vinnufundur hafi verið haldinn.	Nemendur og foreldrar eru virkir í samráði um stefnu skólans.

Forgangsröðun - Námsskilyrði

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
--------------	---------------------	---------------------	------	--------	-------	---------------	-------------------

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Svið II – Nám og kennsla Deild Allir Ábyrgð Björnsson, Óskar	Birta í námsáætlunum hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og lykilhæfni.	Vísa í grunnþætti menntunar og lykilhæfni í námsáætlunum	01/06/2024	KE, SS	Ekki byrjað	Námsáætlanir yfirfarnar og séð til þess að vísað sé í grunnþætti menntunar og lykilhæfni í þeim.	Vísað er í grunnþætti menntunar og lykilhæfni í námsáætlunum.
	Gera grein fyrir samþættingu námsgreina í skólanámskrá og birta í námsáætlunum lýsingu á samþættum námsverkefnum.	Vinna markvissar námsáætlanir með samþættingu námsgreina í huga þar sem hægt er að koma því við. Tryggja að fjallað sé um samþættingu námsgreina í skólanámskrá.	01/11/2022	DE, KE	Ekki byrjað	Athugað hvort gert sé grein fyrir samþættingu námsgreina í námsáætlunum og skólanámskrá í samþættum námsverkefnum.	Í námsáætlunum og skólanámskrá er gert grein fyrir samþættingu námsgreina í samþættum námsverkefnum.
	Gera hæfniviðmið sýnilegri í öllum námsgreinum.	Kennarar taka fram eða hengja upp hæfniviðmið/námsmarkmið í tengslum við verkefni.	01/02/2023	KE	Í vinnslu	Fylgjast með að hæfniviðmið séu sýnileg á töflu/vegg í kennslustofu eða á verkefni/verkefnalýsingu. Nemendur spurðir með könnun hvort þeim séu almennt kynnt þau hæfniviðmið sem unnið er með hverju sinni.	Meirihluti nemenda þekkir þau hæfniviðmið sem unnið er með hverju sinni.
	Í námsáætlunum komi fram hvernig nám er lagað að þörfum einstaklinga.	Í öllum námsáætlunum á að koma fram að einstaklingsnámskrár eru gerðar eftir þörfum.	01/11/2022	DE, KE	Ekki byrjað	Námsáætlanir yfirfarnar og séð til þess að fram komi að nám sé lagað að þörfum einstaklinga.	Í námsáætlunum kemur fram hvernig nám er lagað að þörfum einstaklinga.
	Kynna foreldrum hvernig þeir geta fylgst með námsmarkmiðum barns síns.	Farið yfir þetta með foreldrum á haustfundum.	15/10/2022	KE	Í vinnslu	Skipulag haustfunda skoðað og metið hvort tryggt sé að foreldrar geti fylgst með námsmarkmiðum barna sinna.	Námsmarkmið eru sýnileg í námsáætlunum og meðal annars birt á heimasíðu skólans.
	Kynna nemendahópnum hvað fram fer í skólaráði og stjórn nemendafélags.	Fulltrúar nemendafélagsins kynna starf sitt í öllum bekkjum árlega.	31/05/2022	DE	Í vinnslu	Skráð í fundargerð nemendafélags hvenær fulltrúar þess heimsóttu bekkji til að kynna hvað fer fram í skólaráði og stjórn nemendafélags.	Kynning á starfi skólaráðs og nemendafélags hefur farið fram í öllum árgöngum.
	Setja tónmennt á stundaskrá nemenda.	Ráða þarf tónmenntakennara og setja tónmennt inn á stundaskrá.	01/08/2022	SK	Í vinnslu	Athugað er hvort tónmennt er á stundaskrá hjá þeim bekkjum sem við á.	Tónmennt er á stundaskrá þeirra bekkja sem við á og tónmenntakennari hefur verið ráðinn við skólann.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Þjálfar nemendur í að setja sér markmið í námi og að meta eigin árangur	Láta nemendur setja sér formleg markmið til skemmri og lengri tíma. Byrja strax við upphaf skólagöngu.	31/05/2023	DE, KE	Ekki byrjað	Í árlegri skimun starfsmanna í lok skólaárs 2023 verða kennarar spurðir hvort nemendur hafi verið þjálfaðir í að setja sér markmið.	Nemendum er tamt að setja sér markmið í námi.
	Þjálfar nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum og undirbúa fulltrúa þeirra til setu í stjórn nemendafélags og skólaráði.	Skerpa á reglum um skipulag og fundarskóp bekkjarfunda í öllum árgöngum. Málfundir á unglíngastigi.	31/05/2023	DE, KE	Ekki byrjað	Í árlegri skimun starfsmanna í lok skólaárs 2023 verða kennarar spurðir hvort haldnir hafi verið reglulegir og formlegir bekkjarfundir á skólaárinu.	Nemendur þekkja lýðræðisleg vinnubrögð og eru færir um að taka þátt í formlegum fundum.
	Tryggja að foreldrar hafi greiðan aðgang að upplýsingum um námsárangur barns síns.	Áhersla á að foreldrar nýti Mentor og séu með virkan aðgang.	30/01/2023	DE, KE	Ekki byrjað	Í foreldraviðtölum athuga umsjónarkennarar hvort ekki sé tryggt að foreldrar séu með virkan aðgang að Mentor og þekki leiðir til að fylgjast með námsárangri barns síns.	Allir foreldrar hafa virkan aðgang að Mentor og þekki leiðir til að fylgjast með námsárangri barns síns.

Forgangsröðun - Gæðagreinar Árskóla

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Svið III- Innra mat Deild Allir Ábyrgð Hartmannsdóttir, Ólöf	Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, starfsfólks, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.	Starfandi er fagmennskuteymi skipað kennurum og stjórnendum sem hefur á hendi skipulag innra mats skólans. Í upphafi skólaárs funda fulltrúar teymisins með fulltrúum allra hagsmunaaðila til samráðs um innra mat skólaársins.	01/11/2022	FA, SK	Ekki byrjað	Skipað hefur verið matsteymi og það fundað um innra mat skólaársins.	Matsteymi er virkt og hefur fundað.
	Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.	Fagmennskuteymið fundar með skólaráði í lok skólaárs til að kynna niðurstöður á innra mati vetrarons. Þar verður innra mat næsta vetrar kynnt og rætt.	31/05/2023	FA, SK	Ekki byrjað	Fagmennskuteymi hefur fundað með skólaráði og kynnt niðurstöður innra mats skólaársins.	Skólaráði er kunnugt um niðurstöður innra mats og áætlun næsta vetrar.
	Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.	Í lok skólaárs er unnin sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið. Unnin verður greinargerð þegar u.þ.b. fjórir mánuðir eru liðnir af næsta skólaári hvernig tekist hefur til um umbætur.	31/01/2023	FA	Ekki byrjað	Skoðað er hvort greinargerð hefur verið unnin.	Greinargerð um framgang umbóta liggur fyrir.
	Vinna umbótaáætlun þar sem fram koma markmið, viðmið, leiðir, tímasetningar, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær skuli meta umbætur.	Endurskoðun á formi umbótaáætlana stendur yfir. Þar munu koma fram markmið, viðmið, leiðir, tímasetningar, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær skuli meta umbætur.	31/05/2023	FA	Í vinnslu	Fylgst er með að umbótaáætlanir séu birtar hagsmunaaðilum fjórum vikum eftir að mat hefur farið fram.	Umbótaáætlanir eru unnar að loknu mati og birtar hagsmunaaðilum.

